

19. janúar 2005, 4. árg.

Taíland:**Fríverslunarviðræður í vor**

Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, stýrir viðræðum EFTA-ríkjanna við Taíland um gerð hugsanlegs fríverslunarsamnings. Grétar Már er nýkominn frá Taílandi þar sem hann hitti aðalsamningamann Taílandinga. „Eftir samráð við atvinnulífið í Taílandi hafa taílensk stjórnvöld ákveðið að stíga næsta skref og kanna möguleika á gerð fríverslunarsamnings við EFTA-ríkin,“ segir Grétar Már. „Ég er bjartsýnn á að viðræðurnar geti hafist í Reykjavík þegar í maí á þessu ári og að þær muni ganga greiðlega fyrir sig.“

Forskot inn til Asíu

Fyrsta lota fríverslunarviðræðna við Suður-Kóreu stendur yfir í Genf í þessari viku og EFTA-ríkin hafa fyrir fríverslunarsamning við Singapúr. Að sögn Grétars Márs hefur EFTA tekið frumkvæði í fríverslunarviðræðum við Asíuríki og stefnt er að því að útflytjendur EFTA-ríkjanna geti náð forskoti á samkeppnisaðila innan ESB þegar kemur að markaðsaðgangi, en ESB hefur ekki fríverslunarsamning við þessi ríki. „Ég tel góðar líkur á því að samningaviðræður við Taíland og Suður-Kóreu muni ganga fremur greiðlega fyrir sig og að okkur takist að gera umfangsmikla fríverslunarsamninga með ákvæðum um fjárfestingar, þjónustuviðskipti og hugverkarétt auk vöruviðskipta,“ segir Grétar Már. „Þessir samningar geta verið lyftistöng fyrir íslensk fyrirtæki á Asíumarkaði, þar sem tollar eru almennt mjög háir ekki síst á sjávarafurðum og tæknibúnaði.“

**Erfiðleikar í útflutningi til Mexíkó?
Reglulegur samráðsfundur um
fríverslunarsamning EFTA og Mexíkó**

Þriðji fundur sameiginlegrar nefndar EFTA og Mexíkó verður haldinn í Mexíkó hinn 24. febrúar n.k.

Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins lýsir eftir upplýsingum frá útflytjendum um vandkvæði í útflutningi til Mexíkó sem Ísland gæti tekið upp á

fundinum með þarlandum stjórnvöldum. Óskað er að ábendingar berist utanríkisráðuneytinu fyrir lok vinnudags 24. janúar n.k. Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, sendiráðsritari á viðskiptaskrifstofu, netfang:

johanna.b.bjarnadottir@utn.stjr.is.

Vettvangur til að leysa vandamál

Ísland á aðild að fjölmörgum fríverslunarsamningum í gegnum fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA. Í samningunum er jafnan komið á fót sameiginlegri nefnd samningsaðila (Joint Committee), sem hittist að jafnaði einu sinni á ári eða annað hvert ár. Nefndin hefur eftirlit með og stjórnar framkvæmd fríverslunarsamningsins og tekur á vandkvæðum sem upp koma í framkvæmd hans. Nefndirnar hafa sýnt sig að vera góður vettvangur til að taka á vandkvæðum sem upp koma í framkvæmd, þar sem stjórnvöld viðkomandi ríkja setjast niður til að ræða gagnert þessi mál.

Fríverslun frá 2001

EFTA-ríkin skrifuðu undir fríverslunarsamning við Mexíkó hinn 27. nóvember 2000, en samningurinn öðlaðist gildi hinn 1. júlí 2001. Samkvæmt samningnum gildir full fríverslun með iðnaðarvörur. Mikilvægasti þáttur samningsins fyrir Ísland er fríverslun með sjávarafurðir, en tollar á sjávarafurðir féllu ýmist niður við gildistöku samningsins eða verða afnumdir í nokkrum þrepum á nokkrum árum. Utanríkisráðuneytið mun leitast við að auglýsa eftir ábendingum áður en fundir eru haldnir í sameiginlegu nefndunum vegna fríverslunarsamninganna. Hagsmunaaðilar eru einnig hvattir til að setja sig í samband við utanríkisráðuneytið vegna vandkvæða sem upp koma í tengslum við fríverslunarsamninga við önnur ríki.

Evrópska efnahagssvæðið**EES – ekki ESB – styrkir rannsóknar- og þróunarverkefni**

Íslenskum fyrirtækjum, rannsóknarstofnunum og einstaklingum hefur orðið vel ágengt í ýmsum samstarfsáætlunum EES-ríkjanna og Evrópusambandsins (ESB), til að mynda í áætlunum fyrir rannsóknir og þróun og fyrir menntamál og námsmannaskipti. *Frh. bls. 2*



19. janúar 2005, 4. árg.

„Í gegnum EES-samninginn tekur Ísland þátt í mótun, fjármögnun og framkvæmd um 40 samstarfsáætlananna ESB“, segir Grétar Már Sigurðsson skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. „Ísland og hin EFTA-ríkin innan EES greiða til allra áætlana á grundvelli þjóðarframleiðslu og taka því þátt í að fjármagna þær á jafnréttisgrundvelli. Það er þess vegna ekki rétt, eins og stundum má skilja af þjóðfélagsmæðu, að styrkir sem veittir eru úr þessum áætlunum komi úr sjóðum ESB – þeir koma úr sameiginlegum sjóðum ESB og EFTA-ríkjanna innan EES.“

Hluti af EES-samningnum

Þátttaka Íslands í margvíslegum áætlunum ESB er mikilvægur liður í að virkja kosti samningsins um hið evrópska efnahagssvæði (EES). Þekktustu og stærstu áætlanirnar snúa að rannsóknum og þróun og menntamálum, en Íslendingar taka í heild þátt í um 40 áætlunum ESB – allt frá verkefnum til að ýta undir nýsköpun til samstarfs um heilsuvernd og aðgerða til að sporna við ólöglegu efni á Netinu. „Þátttaka Íslands er eðlileg afleiðing af EES-samningnum, þar sem áætlanirnar eru settar á fót til að greiða fyrir virkni sameignlega markaðarins eða til að ná markmiðum sem eiga sér stoð í EES-samningnum,“ segir Grétar Már. „Meginhluti EES-samningsins fjallar um fjórfrelsið – frelsi til að búa, starfa og nema alls staðar á svæðinu, frelsi í vöruviðskiptum, frelsi í þjónustuviðskiptum og frjálsa fjármagnsflutninga. Hinar ýmsu áætlanir eru settar á laggirnar til að styrkja á einn eða annan hátt stoðir fjórfrelsisins og hjálpa einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að nýta sér þau tækifæri sem innri markaðurinn skapar.“

Fullgildir þátttakendur – ekki þiggjendur

Íslendingar eru ekki þiggjendur eða áhorfendur í áætlunum ESB. Að baki þátttökunni liggur mikil undirbúningsvinna í þeim fagráðuneytum á Íslandi sem koma að rekstri áætlunarinnar og utanríkisráðuneytinu. Íslendingar koma að mótun samstarfsáætlana ESB strax á undirbúningsstigi, þar sem þeim gefst tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur fram tillögur um nýja áætlun. Endanleg ákvörðun um þátttöku í nýrri áætlun er síðan sameiginleg ákvörðun íslenskra stjórnvalda og stjórnvalda í samstarfsríkjunum í

EFTA, Noregi og Liechtenstein – með samþykki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ráðherraráðs ESB og Evrópuþingsins. Þátttakan er staðfest með upptöku þeirrar ákvörðunar Evrópusambandsins sem setur áætlunina á fót í EES-samninginn og í íslenska löggjöf.

„EES-samningurinn og bókanir við hann fjalla um réttindi og skyldur Íslendinga þegar tekið er þátt í samstarfsáætlunum,“ segir Grétar Már. „Íslendingar eru fullgildir þátttakendur í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins og það er ekki svo að við séum sérstakir þiggjendur aðstoðar frá ESB. EES-samningurinn tryggir að við greiðum til samstarfsáætlanna á svipaðan hátt og aðildarríki Evrópusambandsins, við njótum allra þeirra kosta sem fylgja þátttökunni á sama hátt og aðrir og við tökum einnig þátt í að reka áætlanirnar. Reyndar má halda því fram að „áætlanir ESB“ séu í raun EES-áætlanir. Styrkirnir til einstaklinga og fyrirtækja, hugmyndir að nýjum verkefnum og framkvæmdir kemur frá EES-ríkjunum en ekki aðeins frá ESB.“

Frábær árangur Íslendinga

Samstarfsáætlanirnar eru grundvallaðar á samkennd og hæfni fremur en þjóðerni og kvótum. Þetta þýðir að bestu hugmyndirnar og frambærilegustu verkefni hljóta styrki óháð því frá hvaða landi þau koma. Fjárhagslegt framlag Íslendinga til samstarfsins takmarkar því ekki upphæð þeirra styrkja sem íslensk fyrirtæki og stofnanir geta notið frá áætlunum. Raunin hefur verið sú að Íslendingar hafa lagt fram fjölda frambærilegra verkefna og nýtt sér tækifæri áætlanna sérstaklega vel allt frá upphafi EES-samningsins. Þegar lítið er til stærstu samstarfsáætlunarinnar – rammaáætlunarinnar fyrir rannsóknir og þróun – sést að árangurinn hefur verið frábær hvort sem hann er mældur í beinum styrkjum, fjölda verkefna eða afrakstri verkefna. Ávinnurinn af þátttöku í verkefnum er ekki aðeins í formi styrkja heldur einnig – og e.t.v. öllu fremur – í formi þekkingar og tengsla sem erfitt er að meta til fjár en skila engu að síður áþreifanlegum árangri. Íslensk fyrirtæki taka upp samstarf við önnur fyrirtæki á innri markaðinum, rannsóknarstofnanir samnýta dýra aðstöðu og deila kunnáttu. Önnur dæmi um áþreifanleg not af áætlunum eru að á hverju ári fara um 130 íslenskir námsmenn utan og svipaður fjöldi útlendinga kemur til Íslands til að stunda nám fyrir tilstuðlan Erasmus-áætlunarinnar.

